

Umsögn

um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum, og tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.

Frá minni hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Minni hlutinn tekur undir athugasemdir meiri hlutans sem snúa að þeim ákvæðum frumvarps til breytinga á raforkulögum varðandi stöðu kerfisáætlunar flutningsfyrirtækisins gagnvart skipulagsvaldi sveitarfélaganna. Að mati minni hlutans er gengið og langt í þeim efnum og flutningsfyrirtækinu falið vald til að víkja skipulagsáætlunum lýðræðislega kjörinna fulltrúa sveitarfélaganna frá án nægilegs samráðs. Minni hlutinn telur brýnt að bætt verði úr þessu og telur að skoða eigi hvort kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku skuli fá samsvarandi þinglega meðferð á Alþingi líkt og samgönguáætlun. Með því væri tryggt að lýðræðislega kjörnir fulltrúar þjóðarinnar kæmu að gerð áætlunarinnar og að tekið yrði tillit til þeirra viðtæku hagsmuna sem undir eru.

Minni hlutinn telur skorta mjög á að horft sé til umhverfissjónarmiða í fyrirliggjandi frumvarpi. Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. a frumvarpsins skal kerfisáætlun til 10 ára byggja á raunhæfum sviðsmyndum um þróun raforkuframleiðslu, raforkunotkunar, markaðsþróunar og raforkuflutnings til annarra landa eftir því sem við á og að í kerfisáætlun skuli gera grein fyrir forsendum, sviðsmyndum og spám sem stuðst er við. Í þessu sambandi telur minni hlutinn þær skýringar sem fram koma í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð geti engan veginn staðist en þar kemur fram að við mótun 10 ára kerfisáætlunar skuli horfa til virkjanakosta í nýtingar- og biðflokki rammaáætlunar. Ljóst er að þó virkjanakosti sé raddað í nýtingarflokk rammaáætlunar felur það eitt og sér ekki í sér ákvörðun að virkja skuli enda könnun á umhverfisáhrifum framkvæmdar, útgáfa framkvæmdaleyfis og fleira þá eftir að gera. Þá telur minni hlutinn fráleitt að horfa til virkjanakosta í biðflokki rammaáætlunar sem eru enn fjarlægari virkjanakostir. Af þessum sökum getur ekki talist rökrétt að byggja á þessum atriðum í raunhæfri áætlun. Minni hlutinn tekur undir með meiri hlutanum um að frumvarpið þarfnist verulegra breytinga með hliðsjón af þessum atriðum og telur jafnframt að áhersla á umhverfissjónarmið þurfi að vera fyrir hendi sé litið til þess hversu mikil umhverfisáhrif línulagnir geta haft. Á þetta skortir í frumvarpinu eins og umsagnaradilar hafa bent á.

Minni hlutinn tekur undir athugasemdir þess efnis að í tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína skuli leggja meiri áherslu á jarðstrengi og í því skyni er kostnaðarviðmið upp á 1,5 of lágt. Að mati minni hlutans þarf einnig í því sambandi að horfa til víðari sjónarmiða en lagt er upp með í tillögunni. Horfa þarf til stofnkostnaðar, rekstrar- og viðhaldskostnaðar til langs tíma sem og mats á þeim hagsmunum sem eru í húfi hverju sinni. Þá tekur minni hlutinn einnig undir með þeim umsagnaradilum sem benda á að rétt sé að telja upp fleiri svæði í lið 1.3 í tillögunni þar sem heimilt skuli vera að víkja frá kostnaðarviðmiðum jarðstrengs vegna lagningu raflína á sérstökum svæðum. Gæta þarf að lagasamræmi við náttúruverndarlög og þeirra svæða sem njóta verndar samkvæmt þeim

lögum. Að mati minni hlutans ber náttúran að njóta vafans í samræmi við varúðarreglu umhverfisséttarins en á það skortir í báðum þessum málum.

Alþingi, 18. febrúar 2015.
Katrín Júlíusdóttir,
Róbert Marshall,
Svandís Svavarsdóttir.